

**Tuttugasti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 28. október 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15**

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Árni Davíðsson og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Endurskoðun ársreiknings Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2014.**

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2014 sem unnin var af KPMG ásamt bréfi þeirra til stjórnenda 2014.

*„Heilbrigðisnefnd staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni og felur framkvæmdastjóra að senda staðfestingarbréf til KPMG. Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ræða við fjármálastjóra um úrlausnarverkefni ( bls 2) í bréfi til stjórnenda.“*

*„Sérstök athygli er vakin á ábendingu á bls. 2 í bréfi til stjórnenda um lífeyrisskuldbindingu.“*

#### **2. Umsagnir um veitinga og gististaði**

Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 1. október 2015 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Guðrúnu Sigurðardóttur fyrir gististað í flokki I, tegund heimagistingu, að Minna-Mosfelli í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 2. október 2015.

*„Staðfest.“*

#### **3. Gjaldsskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit fyrir árið 2016.**

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldsskrá fyrir árið 2016. Málinu var frestað á síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

*„ Heilbrigðisnefnd samþykkir að vísa gjaldsskránni til umræðu í sveitarstjórnnum.“*

#### **4. Fjárhagsáætlun fyrir heilbrigðiseftirlit fyrir árið 2016.**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Málinu var frestað á síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

*„Fjárhagsáætlun er samþykkt með breytingum og framkvæmdastjóra falið að kynna hana sveitarstjórnnum.“*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### **5. Önnur mál**

- a. Kynnt voru drög úr fundargerð Aðalfundar SHÍ, endanleg fundargerð verður send fundarmönnum þegar hún liggur fyrir.

Fundi slitið kl 19:15.